

Breytingartillögur

við frv. til l. um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins „hefðbundnir“ í 3. tölul. komi: óendurnýjanlegir.
2. Við 3. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Landsnet hf. annast útgáfu upprunaábyrgða á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.
 - b. Í stað tilvísananna „1. mgr.“ og „2. mgr.“ í 3. mgr. komi: 4. gr., og: 6. gr.
3. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „Staðlaðar upprunaábyrgðir“ í 1. mgr. komi: Upprunaábyrgðir.
 - b. 2. mgr. falli brott.
 - c. Í stað orðsins „rafmagns“ í 3. mgr. komi: raforku.
 - d. Í stað orðanna „eitt ábyrgðarskírteini“ 4. mgr. komi: eina upprunaábyrgð.
4. Við 5. gr. Í stað orðanna „30 dögum“ í 1. mgr. komi: 90 dögum.